frímerki

46. þáttur.
Umsjón: Hálfdan Helgason

Örlítill eftirmáli

Í gærkvöld lauk frímerkjasýningunni FRÍM 80, sem haldin var á vegum Félags frímerkjasafnara í Reykjavík í tilefni Dags frímerkisins. Full ástæða er til þess að óska sýningarnefnd til hamingju með það hve vel tókst til, já, og reyndar félagsmönnum almennt, því þeir voru yfirleitt boðnir og búnir að aðstoða við sýninguna eftir því sem tök voru á. Aðsókn var mjög góð, einkum helgardagana, og er ekki vafi á að sýningarstaðurinn skipti verulega miklu máli. Virðast Kjarvalsstaðir vera mjög heppilegir sem sýningarstaður frímerkjasýninga og er rétt að hafa það tímanlega í huga þegar næst verður ráðist í að halda stórsýningu.

Ekki er rétt að líta fram hjá því að sú óvænta auglýsing er hlaust af mótmælum starfsmanna kínverska sendiráðsins í Reykjavík, átti sinn þátt í aðsókninni, því ekki er að efa að margan hefir fýst að sjá hvers konar frímerki það voru er stofnað gátu í voða ágætu sambandi Kínverja og Íslendinga. Enginn skyldi heldur draga í efa einlægni Kínverjanna í mótmælum sínum og vel má vera að á þeim frímerkjum, sem þeir óskuðu að fjarlægð yrðu, séu áletranir er beinast gegn Alþýðulýðveldinu Kína. Þær áletranir hefðu hinsvegar næsta fáir sýningargestir skilið og trúlega enginn tekið eftir nema vegna umræddra mótmæla.

Sýningarnefndin gerði alveg rétt í því, að mínu mati, að verða ekki við þessari umleitan Kínverjanna því erfitt gæti orðið að átta sig á því hvar draga skuli mörkin í efnum sem þessum. Frímerki, svo sakleysisleg sem þau eru, geta verið með skæðari áróðurstækjum og slíkur fjöldi frímerkja er til, sem flokka má undir hugtakið áróður á einn eða annan hátt að þau verða ekki talin. Þess má geta að á Taiwan eru frímerki frá Alþýðulýðveldinu eða merki, sem sýna á einhvern hátt samstöðu með því, algjör bannvara. Svo þar er jafnt á komið.


Ekki verður farið út í það hér að geta einstakra safna er fram komu á sýningunni. Hér var, eins og reyndar var stefnt að strax í upphafi, um kynningarsýningu að ræða og komu því í dagsljósið mörg söfn er ekki hefðu beinlínis átt erindi á samkeppnissýningu en voru engu að síður áhugaverð og vonandi hefur sýningin orðið til þess að kveikja svo í einhverjum að hann vinni safn sitt upp fyrir næstu samkeppnissýningu.

Ég vil þó gera smá-undantekningu frá því er ég sagði hér að framan og minnast á ramma Þjóðminjasafnsins sem var mjög athyglisverður. Það er ekki á hverjum degi sem söfnurum gefst kostur á að líta gripi eins og þá er þar mátti sjá. Á Þjóðminjasafnið og forstöðumaður þess, Þór Magnússon, þakkir skildar fyrir þann skilning sem okkur söfnurum er sýndur og mætti sú stofnun er liggur á hinu fræga Hans Hals safni eins og ormur á gulli taka Þjóðminjasafnið til fyrirmyndar og gefa söfnurum tækifæri til að kynnast því þó ekki væri nema með því að sýna örlitinn hluta af því á hverri sýningu, sem haldin verður hér á landi í framtíðinni.

Tímaritið GRÚSK

Þriðja og síðasta tölublað þessa árs af GRÚSKI, málgagni Landssambands íslenskra frímerkjasafnara er nýkomið út. Er þetta tíunda heftið frá upphafi. Að þessu sinni er blaðið 48 síður og reyna umsjónarmenn þess að gera sem flestum til hæfis í efnisvali þótt sýnt sé að enn má halda lengra á þeirri braut.

Meðal efnis að þessu sinni er mjög fróðleg grein eftir danskan safnara, Walther Fenger að nafni. Nefnist hún Danski Reykjavíkurstimpillinn og lýsir hann þar athugunum sínum á tveimur næstum eins Reykjavíkurstimplum, sem miklu máli skiptir að geta greint á milli. Þá er greint frá landsþingi L.Í.F. á Húsavík á s.l. vori, grein er nefnist Hugleiðingar um nokkur bréfspjöld og endursögð er skemmtileg grein úr norska Morgunblaðinu frá því um aldamót og nefnist hún Frímerkjasöfnunarástríðan. Allmargar smærri greinar eru í blaðinu auk greinar er nefnist Seðlar Íslandsbanka en rétt er að geta þess að blaðið GRÚSK er gefið út í samstarfi við Myntsafnarafélag Íslands. Blaðið er sent öllum félögum í aðildarfélögum Landssambands íslenskra frímerkjasafnara en aðrir geta óskað eftir áskrift með því að skrifa í Pósthólf 5530, 125 Reykjavík.



Ný frímerki og fleira

Nú um nokkurra ára skeið hefir smáeyjan Mön, sem liggur í sundinu milli Englands og Írlands, haft sjálfræði hvað snertir útgáfu frímerkja. Eru merkin þaðan mjög vinsæl meðal safnara og nýlega komu út jólamerkin 1980 og eru þau helguð umhverfisvernd. Merkin eru tvö með mynd af fuglum og sýnir annað þeirra músarindil (6p) en hitt sýnir rauðbrysting. Um þessar mundir er haldið þing alþjóðasamtaka frímerkjasafnara í Essen í Þýskalandi. Af því tilefni gefur v-þýska póststjórnin út frímerki og er það með yfirverði, sem rennur til eflingar frímerkjasöfnunar en í Þýskalandi eru þau mál komin hvað lengst og má minna á að það var einmitt þar í landi, sem fyrst var gefið út frímerki í tilefni af Degi frímerkisins. Áðurnefnt þing F.I.P. (alþjóðasamtakanna) situr sem fulltrúi íslenskra safnara, Sigurður R. Pétursson, formaður landssambandsins en honum til aðstoðar er Sigurður H. Þorsteinsson, fyrrum formaður L.Í.F.







Frímerki
Íslensk og erlend, notuð, ónotuð og umslög
Albúm, tangir, stækkunargler o.fl. ávallt fyrirliggjandi.
Póstsendum.
FRÍMERKJAMIÐSTÖÐIN
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 21A, PÓSTHÓLF 78, 121 RVK. SÍMI 21170

SKÚTAN
Frá og með mánudeginum 10. nóvember er Skútunni lokað um óákveðinn tíma vegna breytinga
VIÐ MUNUM TAKA Á MÓTI PÖNTUNUM Á VEISLUMAT OG BRAUÐI SEM ÁÐUR Í SÍMUM 51810 OG 52502
SKÚTAN

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 58., 60. og 64. tbl. Lögbirtingablaðs 1980 á hluta í Skarphéðinsgötu 6, þingl. eign Tryggva S. Jónssonar fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri fimmtudag 13. nóvember 1980 kl. 14.30.
Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 90., 94. og 99. tbl. Lögbirtingablaðs 1979 á hluta í Stigahlíð 2, þingl. eign Jóns Hannessonar o.fl., fer fram eftir kröfu Sparisj. Rvíkur og nágr. á eigninni sjálfri fimmtudag 13. nóvember 1980 kl. 11.30.
Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 58., 60. og 64. tbl. Lögbirtingablaðs 1980 á hluta í Unufelli 31, þingl. eign Axels Þorkelssonar fer fram eftir kröfu Gests Jónssonar hdl. á eigninni sjálfri fimmtudag 13. nóvember 1980 kl. 16.30.
Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

annað og síðasta á hluta í Tunguvegi 15, þingl. eign Kristínar Jóhannsdóttur fer fram eftir kröfu Garðars Garðarssonar hdl. á eigninni sjálfri fimmtudag 13. nóvember 1980 kl. 13.45.
Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 58., 60. og 64. tbl. Lögbirtingablaðs 1980 á hluta í Grettisgötu 16 B, þingl. eign Ingibjargar Þorsteinsdóttur fer fram eftir kröfu Skúla J. Pálmasonar hrl. á eigninni sjálfri fimmtudag 13. nóvember 1980 kl. 15.00.
Borgarfógetaembættið í Reykjavík.